

Innheimtu og aðra hagsmunagæslu en að framan greinir, sbr. 1.—3. gr. annast félagið einungis samkvæmt umboði í samræmi við reglur eða samþykktir félagsins. Þó skal stéttarfélagi höfunda, sem annast almenna innheimtu gjalda fyrir flutningsrétt og hefur aflað sér umboða til þeirrar starfsemi frá verulegum hluta íslenskra höfunda, einnig heimil innheimta fyrir rétthafa sem standa utan félagsins eða hafa ekki veitt því sérstakt innheimtuumboð enda njóti þeir sama réttar við úthlutun og félagsmenn.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í höfundalögum nr. 73/1972 og kemur í stað reglugerðar nr. 429 frá 30. desember 1974.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 5. janúar 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

6. janúar 1976.

Nr. 4.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. janúar 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. janúar 1976:

Þorskur:	Ísl. kr. á lb. Cif.
4x14 m/r interl.	97.65
4x14 r/r og 8x7 r/l	107.14
10x5, 3x18 og 4x12	171.77
5x10 og 4x13	193.73
4x15	202.71
12x1	184.74
Blokk	117.84
Blokk 24½	121.84
Ýsa:	
4x14 m/r interl.	92.59
10x5 og 3x18	166.57
12x1	175.07
Blokk	111.72
Steinbítur:	
8x7 r/l	79.77
10x5	159.73
12x1	159.73
Blokk	102.46

Karfi:	Ísl. kr. á lb. Cif.
8x7 m/r	82.00
10x5 m/r	105.37
10x5 r/l	111.50
12x1	111.50
Lausfrystur 4x12/1x30	109.77
Blokk	95.36
Ufsi:	
8x7 r/l	74.77
4x6 kg	63.17
10x5	82.93
Blokk	68.54
Langa:	
8x7 r/l	82.00
10x5	115.30
Blokk	89.01
Grálúða:	
Heilfryst	79.34
Blokk, U.S.S.R.	82.00
Heilfrystur fiskur	40.50

Verðbil verði 3% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. janúar 1976.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla af ýmsum hráefnum í iðnaðarvörur.

1. gr.

Frá 1. janúar 1976 skal tollur falla niður af eftirtöldum hráefnum og hjálpar-
efnum sem teljast til tollskrárnúmers 38.19.19:

ADMUL GLP
ADMUL GMS — SF/40
ADMUL MGA
ADMUL MGK
ADMUL MGP
ADMUL POLYESTER 19

ADMUL POLYESTER 57
ADMUL WOL
ADMUL 69/1
AMPHISOL
ANTIFLOAT CVP
AROCLOR 1248